

Mamma Samma bangsa er á spítala

NHS



Okkar heimur



Saga fyrir börn á aldrinum
3-6 ára



Minnispunktur fyrir fullorðna

Miðað er við að fullorðin manneskja lesi söguna með barninu. Vonandi hjálpar þessi saga að opna fyrir samræður við börn sem eiga foreldri sem þarf að leggjast inn á geðdeild.

Lykilatriði sem geta verið hjálpleg í samræðum við börn:

- Veikindi geta stundum breytt því hvernig fólki líður, hvernig það hugsar og/eða hegðun fólks.
- Stundum þarf fólk sem veikist að leggjast inn á spítala svo að því líði betur.
- Ef mamma hegðaði sér öðruvísi en vanalega áður en hún fór á spítalann var það vegna þess að hún var veik.
- Veikindi mömmu eru aldrei barninu að kenna.
- Það er allt í lagi að finna til hræðslu og hafa áhyggjur. Öllum líður stundum þannig. Þá er mikilvægt að börnin tali við fullorðið fólk.
- Mamma er örugg á spítalanum og henni mun líða betur. Við vitum ekki hversu lengi hún þarf að vera á spítalanum. Stundum þarf fólk langan tíma til að ná sér.
- Mamma elskar börnin sín þótt hún geti ekki verið hjá þeim.

Mamma Samma bangsa er á spítala


Sammi bangsi er leiður af því
að mamma hans þurfti að fara.
Afhverju er hún á spítala?
Því verður einhver að svara.

„Hvenær kemur mamma mín,“
spyr Sammi frænda sinn.
„Af hverju má hún hvorki hitta mig
né hringja í símann þinn?“



Bangsi frændi faðmar
Samma
sem dapur er og sár.
Hann Samma litla talar við
og þurrkar burtu tár...

Hann segir: „Stundum þurfa þeir
aðstoð og hjálp
sem meiðast eða fá kvilla.
Við vitum að eitthvað bjátar á
ef okkur...



klæjar...



blæðir...


eða við lyktum illa!



„En vissir þú að stundum
getur heilinn í fólki veikst?
Og þegar það gerist
getur hugsun og hegðun breyst.“



Sammi spyr: „Kom það fyrir
mömmu?
Hún varð oft mjög leið,
fannst líka allt vera ómögulegt
og varð stundum öskureið.“



„Það er rétt,“ segir frændi.
„Það var ekki þér að kenna
þó að hún yrði veik.
Mamma þín gat ekki hugsað skýrt
og þess vegna varð hún smeyk.“



Sammi hugsar málið og spyr:
„Getur hún þá ekki hugsað um mig?“
„Nei,“ segir frændi, „ekki strax
en þangað til passa ég þig.“



Samma kitlar, hann hlær en spyr:
„Kemur mamma mín fljótlega heim?
Á henni eftir að líða betur
og verður þá gaman hjá okkur tveim?“



„Já,“ segir frændi, „henni mun batna
en við verðum að bíða og sjá.
Sumt gæti breyst þegar hún kemur heim
en við leysum úr því þá“.

„Allt hjúkrunarfólkið veit að við þráum
að hitta mömmu með tíð og tíma.
En nú þarf hún að hvíla sig
svo talið þið bráðum saman í síma.“



„Og þegar mömmu líður betur
heimsækjum við hana saman.
Hana langar að hitta gullmolann sinn.
Mikið verður það gaman.“

Sammi segir: „Ég vil senda henni mynd
ef þú getur hjálpað mér.“

Frændi segir: „Ég skrifa henni bréf
með ástarkveðju frá mér og þér.“



Um kvöldið les frændi bók fyrir Samma
og býður honum góða nótt.
En bætir svo einu við að lokum
þegar allt er kyrrt og hljótt.



„Þú veist að mamma þín elskar þig alltaf
þó að hún sé ekki hjá þér.
Hún elskar þig meira en orð fá lýst.
Það breytist aldrei, trúðu mér.“

Þessi bæklingur var framleiddur af NHS og þýddur af Okkar
heimi



Okkar heimur starfar í þágu barna sem eiga foreldra
með geðsjúkdóma, hægt er að skoða meira efni inn á
www.okkarheimur.is

